

Guðbjörn Jónsson



ESB þingsályktun frá 2009.

Það sem hvað harðast er deilt um nú, er hvað í raun fólst í þeirri þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi árið 2009. Í frumskjali utanríkisráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, sem lagt var fyrir þingið, segir eftirfarandi:

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um **væntanlegan aðildarsamning**.*

Þarna liggur fyrir hvaða heimilda utanríkisráðherra óskaði frá Alþingi. Hann óskaði heimildar til að **leggja inn umsókn** um aðild að ESB. Þá er því heitið að, **að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla**. Og um hvað á þessi þjóðaratkvæðagreiðsla að vera. Jú, hún á að vera um **væntanlegan aðildarsamning**.

Af orðanna hljóðan í frumskjali þáverandi utanríkisráðherra að þessari þingsályktun, virðist ljóst að annað hvort er hann þarna af ásetningi að blekkja Alþingi, eða hann þekkir ekki nægilega vel til þess málefnis sem hann óskar staðfestingar á um að mega setja í framkvæmd og stýra.

Ljóst var á þessum tíma að ESB tók alls ekki við neinni **umsókn um aðild**, á þessum tíma. Búið var að breyta verkferlum úr afgreiðslu **umsókna**, yfir í það ferli að ríkið sem óskaði aðildar, var tekið til **beinnar aðlögunar að reglum ESB**, á þeim hraða sem aðlögunarríkið treysti sér til að breyta reglum heima fyrir, til samræmis við reglur ESB.

Síðan segir í frumskjali þingsályktunar Össurar utanríkisráðherra, að þegar viðræðum sé lokið, **verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla**. Og um hvað átti þessi þjóðaratkvæðagreiðsla að fjalla. Jú hún átti að fjalla um **væntanlegan aðildarsamning**. Þetta segir í raun, eftir orðanna hljóðan, að þegar þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram, sé viðræðum um efni **væntanlegs aðildarsamnings** lokið og þjóðin geti þá "kíkt í pakkann" og kannað í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort hún **vilji gera aðildarsamning**.

Eins og að framan er getið, var ljóst frá upphafi að ENGIN LEIÐ var til að framfylgja þeirri þingsályktun sem samþykkt var 2009, vegna þess að ENGIN LEIÐ var að fá **viðræður um umsókn**. ENGIN LEIÐ var í raun að fá viðræður um nein atriði í grundvallarreglum ESB. Það er í raun auðvelt að skilja, því hver sú breyting sem gerð hefði verið gagnvart Íslandi, hefði í raun gert alla fyrri samstarfssamninga ESB við önnur lönd ógilda, því grunnregla ESB er að öll ríkin lúti sömu reglum. Það var því í raun ótrúleg grunnhyggni og nánast barnaskapur að telja sig geta fengið öðruvísi og sér samninga við ESB, sérsniðna að þörfum Íslands.

Þó skýrt komi fram í texta þingsályktunar, samkvæmt frumskjali, að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram að loknum viðræðum, en áður en væntanlegur aðildarsamningur sé gerður, segir svo í fyrstu setningu athugasemda í frumskjalinu:

*Tillaga um aðildarumsókn að Evrópusambandinu er lögð fram til þess að íslenska þjóðin fái tækifæri til að **hafna eða samþykkja samning um aðild að sambandinu þegar hann liggur fyrir**.*

Þarna kemur allt annað fram en segir í sjálfum texta þingsályktunarinnar. Þarna segir að þjóðin eigi að fá tækifæri til að samþykkja eða hafna aðildarsamningnum **þegar hann liggur fyrir**. Í texta þingsályktunarinnar sjálfrar segir að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara

fram að loknum viðræðum, um **væntanlegan aðildarsamning**, sem þá verði fyrst búinn til ef þjóðin samþykkir niðurstöður viðræðna.

Í annarri setningu athugasemda með frumskjali þessarar þingsályktunar segir að:

Umsókn að ESB jafngildir þannig ekki aðild enda er það íslensku þjóðarinnar að komast að endanlegri niðurstöðu hvað hana varðar.

Á þennan veg leit þingsályktunartillagan út sem Össur, þáverandi utanríkisráðherra, lagði fyrir Alþingi. Endanleg niðurstaða Alþingis varð tillagan nánast óbreytt, nema að bætt var við hana því sem fram kemur í síðustu málsgrein hennar, en endanleg þingsályktunartillagan hljóðar svo:

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um **væntanlegan aðildarsamning**. Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í álit meiri hluta utanríkismálanefndar.*

Eins og þarna sést er endanleg tillaga nákvæmlega samhljóða frumskjalinu, að því viðbættu sem fram kemur í lokamálslið að: *Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í álit meiri hluta utanríkismálanefndar.*

Meirihlotalálit utanríkismálanefndar er ansi efnismikið, heilar 35 blaðsíður að stærð. Hið merkilegast við það er að þar kemur skýrt fram að utanríkismálanefnd er full kunnugt um að með meintri umsókn, er EKKI UM NEINA UMSÓKN AÐ RÆÐA, **heldur um beina aðlögun að ræða** þar sem hver og einn af 35 köflum aðildarferlisins er tekinn fyrir og aðlögunarferli hvers kafla lokið að fullu áður en honum er lokað og næsti kafli opnaður. Um reglur ESB um aðildarferlið, segir svo í umsögn meirihluta utanríkismálanefndar:

Uppbygging viðræðna er með þeim hætti að frumkvæðið er í höndum framkvæmdastjórnar ESB sem leggur fyrir aðildarríkin tillögur sínar að samningsafstöðu í hverjum og einum kafla og hvort og þá hvenær formlegar viðræður um hvern kafla skuli hefjast. Endanleg ákvörðun í þessu efni er síðan í höndum aðildarríkjanna og þarf einróma samþykki þeirra til að hefja viðræður og að sama skapi einróma samþykki til að ljúka viðræðum um hvern og einn kafla.

Þetta gefur skýra mynd af því raunverulega aðlögunarferlinu, sem samkvæmt þingsályktuninni átti að vera samningaferli. Landið er í raun hægt en lið fyrir lið mjög markvisst aðlagð að þeim 35 aðskildu köflunum. Aðlögunin er að öllu regluverki og framkvæmd ESB, ÁÐUR EN KÆMI TIL ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLU, um hvort þjóðin vilji ganga í ESB. Áður en þjóðin fái að kjósa, átti að vera búið að leggja í allan kostnað við breytingar, breyta öllu stjórnkerfi, stofnunum og rekstrarþáttum samfélagsins inn í ESB umhverfið. Aðlögun var lokið.

Ef þjóðin hefði þá, þegar hún mátti loksins kjósa um framkvæmdina, viljað hafna aðild, hefði það kostað gífurlega fjármuni til viðbótar. Einnig hefðu allir okkar viðskiptasamningar við lönd utan ESB verið komnir á forræði ESB, án þess að við hefðum nema tillögurétt þar um. Ef framkvæmt þessarar þingsályktunar er ekki gróf svik við þjóðina, hugsanleg stjórnarskrárbrot eða jafnvel landráð, er rættlætið fjærri.